

Föstudaginn 22. marz 1929.

Nr. 95/1928.

**Erlendur Erlendsson**

gegn

**Guðbjörgu Oktavíu Sigurðardóttur.**

**Dómur hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Erlendur Erlendsson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til rikissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Mánudaginn 8. apríl 1929.

Nr. 58/1928. **Jóhannes Einarsson** (Bjarni Þ. Johnson)

gegn

**Kaupfélagi Grímsnesinga** (Svb. Jónsson).

Niðurföfnun á reksturstapi kaupfélags á félagsmenn eftir viðskiftamagni þeirra.

Dómur aukaréttar Árnassýslu 27. ágúst 1928: Stefndur, Jóhannes Einarsson í Eyvík, greiði stefnanda, Kaupfélagi Grímsnesinga, 495 kr. með 5% ársvöxtum frá 31. dezbrmán. 1922 unz greitt verður og 100 kr. í málskostnað.

Dómi þessum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirting hans að viðlagðri lagaaðför.

**Dómur hæstaréttar.**

Hið stefnda kaupfélag var stofnað árið 1919. Virð-  
izt verzlunarrekstur þess hafa gengið sæmilega fyrsta  
árið, og var tekjuafgangur þá talinn kr. 6305.95, en  
árið eftir, 1920, varð rúmlega 3000 kr. tekjuhalli á  
rekstri þess, og á reikningunum fyrir árið 1921 er

tekjuhallinn talinn kr. 7907.12. Með því að stjórn félagsins þótti jafnvel líkindi til þess, að tekjuhalli félagsins væri í raun og veru enn meiri, ákvað hún á fundi 9. júlí 1922 að fá 2 menn útnefnda af sýslumanni, til þess að virða hús og aðrar eignir félagsins, og láta síðan gjöra upp allan hag félagsins. Hinir útnefndu menn töldu nauðsynlegt að skrifa af eignum félagsins 38000 kr., og á fulltrúafundi í féluginu 1. dezbr. 1922 var ákveðið, að reikna skuli út nú þegar verzlunarhalla félagsins, og var framkvæmdarstjóra og stjórn falið að jafna hallanum niður á félagsmenn og færa hallann inn á reikninga félagsmanna fyrir árið 1922.

Stjórnin jafnaði þó ekki niður hærri upphæð en 36467 kr. 75 aur., eða 11 % af viðskiftamagni félagsmanna árin 1919—1922, og á aðalfundi félagsins 9. febr. 1923 voru reikningar félagsins fyrir árið 1922 samþykktir í einu hljóði.

Með þessum gögnum verður það að teljast sannað, að tap félagsins hafi við árslok 1922 numið að minnsta kosti þeirri upphæð, er jafnað var niður á félagsmenn. Samkvæmt þessari niðurröfnun kom í hlut áfrýjanda 495 kr. Áfrýjandi, sem sagði sig úr féluginu 21. apríl 1921, vefengir nú fyrst og fremst, að heimild hafi verið til að jafna hallanum niður á félagsmenn eftir verzlunarmagni þeirra á árunum 1919—1922, en á þetta verður ekki fallizt. Það er nú að visu svo, að ekkert beint ákvæði finnst í samþykktum félagsins um það, hvernig verzlunarhalla þess skuli jafnað niður, en þar sem svo er sagt í 18. gr. félagslaganna, að ágóða félagsins skuli skift milli félagsmanna hlutfallslega við vöruúttekt þeirra í féluginu yfir árið, verður að álíta, að tap félagsins eigi og að skiftast á félagsmenn eftir sömu hlutföll-

um, enda er það helzt í samræmi við tilhögun félagsins. Og þar sem tap félagsins, sem aðallega stafar af verðfalli á eignum þess, án þess bennt verði á neitt einstakt ár sérstaklega, þykir eðlilegt og sanngjarnt að jafna tapinu á viðskiftamagn félagsmanna, öll árin 1919—1922.

Í 8. gr. í lögum félagsins frá 5. marz 1921 er ákveðið, að sá félagsmaður, sem segir sig úr félaginu, »beri þó ábyrgð á öllum skuldbindingum félagsins ásamt félagsmönnum, þar til reikningar yfirstandandi árs og hins næsta árs eru fullgjörðir, endurskoðaðir og samþykktir á aðalfundi. Sýni þeir reikningar gróða eða tap á félaginu, tekur úrsegjandi sinn þátt í hvoru sem er eins og félagsmenn«. Við þetta ákvæði félagslaganna var áfrýjandi bundinn, og var því heimild til þess að jafna tapinu á hann eins og aðra félagsmenn.

Þá hefir áfrýjandi haldið því fram, að ábyrgð hans á tapi félagsins hafi verið fyrnd, er málssókn þessi hófst, samkvæmt 8. gr. í lögum nr. 36, 27. júní 1921 um samvinnufélög, en hér að lútandi ákvæði 8. gr., verður samkvæmt greinargjörð laganna, er þau voru lögð fram á Alþingi, að skilja svo, að tap félagsins verði að vera gjört upp að fullnustu innan 2ja ára frá næstu áramótum eftir úrgöngu, en ekki svo, að málssókn skuli byrjuð gegn úrsegjanda innan þess tíma.

Hið niðurjafnaða gjald til félagsins fyrnist hinsvegar á 4 árum, eins og aðrar verzlunarskuldir, og þar sem sáttakæra var birt áfrýjanda hinn 23. dezbr. 1926 var fyrningarfrestur ekki liðinn, hvort sem fyrningarfresturinn telst frá 31. dezbr. 1922 eða 9. febr. 1923.

Það ber því, samkvæmt kröfu stefnda, að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, og verður jafnframt að dæma

áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst 200 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýjandi, Jóhannes Einarsson, greiði stefnda, Kaupfélagi Grímsnesinga, 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum. \_\_\_\_\_

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu, dags. 24. maímán. f. árs, hefir stefnandi, Kaupfélag Grímsnesinga, krafizt, að stefndur Jóhannes Einarsson í Eyvik verði dæmdur til að greiða sér skuld að fjárhæð 495 kr. með 5 % ársvöxtum frá 31. dezbrmán. 1922 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins. Stefndur hefir krafizt, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, svo og sér dæmdur málskostnaður.

Frávisunarkröfuna styður stefndur með því, að annar maðurinn, sem birti sáttakæruna, hafi ekki verið eiðsvarinn stefnuvottur, en þar sem stefndur mætti á sáttafundinum, getur það enga þýðingu haft fyrir málið, sbr. 10. gr. laga 63/1917. Sama er um þá mótbáru, að annar sáttasemjarinn hafi verið deildarfulltrúi í kaupfélaginu, og þá er það ekki, gegn yfirlýsingu sáttamanna sannað, að sáttaumleitunin hafi farið fram fyrir opnum dyrum. Þá verður að telja, að stefnandi hafi haft nægjanlegt umboð til að reka málið, enda það siðar staðfest af stefnanda, og loks getur það eigi valdið frávisun, að í sáttakærunni er krafizt 7 % ársvaxta, þar sem þetta atriði hefir með höfuðkröfunni verið lagt til sáttar og sáttaumleitun fór fram.

Frávisunarkröfur stefnds geta því ekki orðið teknar til greina.

Umstefnd skuld er þannig tilorðin, að í ársbyrjun 1922 þótti sýnt, að kaupfélagið, meðal annars sakir verðfalls, hefði tapað allmiklu fé, og varð það til þess, að samþykkt var á stjórnar-

fundi og síðan á fulltrúafundi, að 2 menn, er sýslumaður nefndi til, skyldi meta eignir félagsins, og hagar þess allur síðan gjörður upp, til þess að verzlunarhalla þeim, er fram var kominn, yrði jafnað niður á félagsmenn.

Fór svo matið fram og töldu virðingarmenn tapið um 38000 kr., en af því lét stjórnin jafna niður á félagsmenn 36467 kr. 75 aur. eða 11% af viðskiftamagni þeirra, samkvæmt samþykkt á fulltrúafundi 1. dezbr. 1922, og var þessi ráðstöfun svo samþykkt á aðalfundi félagsins 9. febrmán. 1923.

Heimild sína til að jafna verzlunarhallanum á félagsmenn byggir stefnandi á 8. gr. í lögum Kaupfélags Grimsnesinga 5. marzmán. 1921, en samkvæmt henni taka félagsmenn þátt í gróða eða tapi félagsins samkvæmt reikningum þess, eigi aðeins úrsagnarárið, heldur einnig þar til reikningar þess árs og hins næsta eru fullgjörðir, endurskoðaðir og samþykktir á aðalfundi.

Stefndur var félagsmaður þar til í apríl 1921, að hann virðist hafa sagt sig úr félaginu. Honum var því réttilega gjört að taka þátt í öllu því tapi, er fram var komið í árslok 1922, og er fært tapið til skuldar, eftir að aðalfundur hafði samþykkt niðurfjöfnunina hinn 9. febrmán. 1923, eins og hver önnur verzlunarskuld við félagið.

Stefndur hefir viljað halda því fram, að skuldin hafi verið fyrnd, en með því að fyrningarfrestur byrjaði eigi fyr en 31. dezbrmán. 1923, nær sú mótbára eigi neinni átt.

Samkvæmt þessu verður að taka kröfur stefnanda að öllu leyti til greina, og málskostnaður metinn 100 kr.

Mánudaginn 8. apríl 1929.

Nr. 93/1928. **Magnús Vernharðsson** (Svbj. Jónsson)  
gegn

**Sigurði Jónssyni o. fl.** (Enginn).

Frávisun.

### **Dómur hæstaréttar.**

Samkvæmt áfrýjunarstefnunni, útg. 20. dezbr. f. á., að áðurfengnu áfrýjunarleyfi, átti að þingfesta málið